



	Hafnarfjarðarbær
Innk:	
Málsnr:	0703327

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
4909962149

Linnetsstígur 3  
220 HAFNARFIRÐI

Reykjavík 4. apríl 2013

1303083NA  
Málalykill: 961

### Efni: Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2013

Hér með tilkynnist að stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, hefur lokið úthlutun fyrir skólaárið 2013-2014. Alls bárust umsóknir um styrki til 172 verkefna frá 77 umsækjendum upp á ríflega 83 millj. króna. Ákveðið var að veita styrki til 167 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 35.701.000.

Hér með staðfestist að **Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**, kt. 490996-2149, hlýtur styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að hámarki **2.500.000,-** kr. sem svarar til **250 kennslustunda hið minnsta** til verkefnanna:

	Hámarksfjöldi kennslust. skv. umsókn
Forvarnir í skólastarfi til barnaverndar	28
Ritun, læsi og máltjáning í samþættingu náms	28
Tölvutækni og alþjóðlegt samstarf - alþjóðleg vídd skólastarfs	28
Námssvið upplýsinga- og tæknimennt - nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið stærðfræði - nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið samfélagsgreinar - nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið skólaíþróttir - nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið náttúrugreinar - nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið list- og verkgreinar- nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið erlend tungumál- nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40
Námssvið íslenska - nám og kennsla þróuð að nýrri aðalnámskrá	40



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Styrknum skal varið til símenntunar **kennara og stjórnenda í grunnskóla**.

Stjórn Námsleyfasjóðs felur hlutaðeigandi styrkþega að taka endanlega ákvörðun um ráðstöfun styrksins. Þannig getur styrkþegi forgangsraðað þeim verkefnum sem styrkur er veittur til – fjármagnað eitt þeirra að fullu en sett annað í bið. Ekki er gert ráð fyrir að styrknum sé varið til annarra verkefna en upp eru talin hér að ofan.

Í 6. grein reglna um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er kveðið á um skriflega samninga um útfærslu verkefna og greiðslur og fylgir slíkur samningur hér með. Samningurinn er í tveimur eintökum og er ætlast til að bæði eintök séu undirrituð og öðru skilað aftur til stjórnar Námsleyfasjóðs sem allra fyrst.

Gert er ráð fyrir að verkefninu verði lokið í lok skólaársins 2013-2014, í síðasta lagi. Að öðrum kosti fellur styrkurinn niður. Meðfylgjandi er einnig eyðublað fyrir greinargerð ásamt eyðublaði fyrir staðfestingu þátttakenda sem ber að skila til stjórnar Námsleyfasjóðs að verkefni loknu. Styrkir verða ekki greiddir fyrr en fullnægjandi greinargerð hefur verið skilað og tryggt er að verkefnið hafi náð fram að ganga samkvæmt þeirri áætlun sem fram kemur í umsókn. Hafi fullnægjandi greinargerð ekki borist í síðasta lagi **1. september 2014** fellur styrkur niður.

Virðingarfyllst  
NÁMSLEYFASJÓÐUR

Klara E. Finnbogadóttir

Klara E. Finnbogadóttir  
starfsmaður stjórnar Námsleyfasjóðs